



Alþingi - Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2022
UST202205-270/F.T.
04.01

Efni: Frumvarp til laga um sóttvarnarlög - 498. mál

Vísað er til bréfs dags. 19. maí 2022 þar sem Velferðarnefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um sóttvarnarlög, 498. mál.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

7. gr.

Í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til að í samstarfsnefnd um sóttvarnir skuli sitja tveir fulltrúar frá Umhverfisstofnun, annar sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni.

Stofnunin leggur til að framangreindu verði breytt og að þeir sérfræðingar sem sitji í nefndinni fyrir hönd stofnunarinnar verði annars vegar sérfræðingur á sviði hollustuhátta þar sem það hlutverk sem Umhverfisstofnun hafði áður á sviði matvælaöryggis hefur nú verið flutt til Matvælastofnunar. Hins vegar leggur stofnunin til að í stað þess að í nefndinni sitji fulltrúi sérfróður um eiturefni verði vísað til efnamála almennt. Í ljósi þess að aðkoma sérfræðings varðandi efni getur snúið að fleiri þáttum en skýrt skilgreindum eiturefnum telur stofnunin æskilegra að vísað sé til efnamála með almennari hætti en með vísun til eiturefna eingöngu.

Umhverfisstofnun leggur til að 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins orðist svo:

Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af Matvælastofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um hollustuhætti en hinn um efnamál. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin hefur aðsetur hjá embætti landlæknis.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun til bóta að framangreindar breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verður samþykkt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Velferðarnefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
teymisstjóri